



Reykholti, 9. desember 2019
1911058 AS

Efni: Áætlun vegna kostnaðar við verkefnastjóra heilsueflandi samfélags

Sæl verið þið, eins og kom fram í tölvupósti undirritaðrar hinn 25. nóvember 2019 var eftirfarandi bókað á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar hinn 21. nóvember s.l.:

Samstarf um heilsueflandi samfélag - 1911058

Mögulegt samstarf sveitarfélaganna í uppsveitum Árnassýslu um verkefnisstjóra heilsueflandi samfélags.

Á vettvangi sveitarfélaganna Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur verið rætt um samstarf um verkefni tengd heilsueflandi samfélagi, þ.e. að sveitarfélögin sameinist um verkefnisstjóra til eins árs. Nú er Bláskógabyggð með verkefnisstjóra í 20% starfshlutfalli, en ef af breytingunni yrði þá væri hvert sveitarfélag um sig með 25%. Verkefnisstjóri myndi þá hafa starfsstöð í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Sveitarstjóra er falið að senda sveitarfélögunum áætlun um kostnað við verkefnið og er lagt upp með að Bláskógabyggð myndi halda utan um það.

Bláskógabyggð hefur greitt verkefnisstjóra laun skv. kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við BHM, launaflokki 156-9 eða kr. 537.000 á mánuði miðað við 100% starf, eða 654.000 með launatengdum gjöldum. 25% starfshlutfall kostar því kr. því um 2 milljónir kr. á ári með launatengdum gjöldum. Að auki má gera ráð fyrir yfirvinnu, t.d. vegna funda með félagasamtökum eða stýrihópi, sem fram fara að kvöldlagi, og ef um er að ræða viðveru vegna viðburða eða annars sem fellur utan dagvinnutíma, en þetta getur verið nokkuð breytilegt. Bláskógabyggð greiddi að meðaltali 140 km akstur á mánuði á árunum 2018 og 2019.

Kostnaður við að taka þátt í verkefninu um heilsueflandi samfélag felst ekki einungis í launakostnaði. Þannig gerði Bláskógabyggð ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2019 að 3 milljónum kr. yrði varið til verkefna sem hafa skírskotun til heilsueflingar, og sama fjárhæð verður í fjárhagsáætlun næsta árs. Undir þetta hafa fallið margvísleg verkefni, svo sem kaup á búnaði (frisbíkörfur/snag-tæki o.fl.), niðurgreiðsla á salarleigu til þjálfara sem eru með námskeið sem falla undir skilgreiningar um heilsueflingu, samvinna við SÍBS um heilsufarsmælingar, kaup á bekkjum og sandkistum til að setja við göngustíga, kostnaður vegna "póstkassaverkefnis" (skilgreindar gönguleiðir þar sem þátttakendur rita nafn í gestabók í póstkassa) o.fl.

Virðingarfyllst,


Ásta Stefánsdóttir
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

